

Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir

From: Heiðar Ásberg Atlason <heidar@logos.is>
Sent: föstudagur, 28. maí 2021 00:49
To: skipulag@skipulag.is
Cc: Skipulag; skipulag@reykjavik.is
Subject: Ákvörðun

Góða kvöldið.

Ég er búsettur í Kleifakór 25, 203 Kópavogi og fyrirhugaður Arnarnesvegur snertir mig því beint. Ég var að skoða fyrirhugaða uppbyggingu á Arnarnesvegi og sá þessa skýrslu hérna:

https://www.kopavogur.is/static/extras/files/skipulagslysing_arnarnesvegur-3.afangi428.pdf

Þarna stendur að það sé verið að nota 18 ára gamalt umhverfismat Arnarnesvegar. Þetta skil ég ekki. Árið 2003 var nánast engin byggð í Kórahverfinu. Það er allt önnur staða í dag. Rök stofnunarinnar séu þau að ekki þurfi að endurskoða matið þar sem framkvæmdir hófust innan 10 ára. Ég er búinn að búa í Kórahverfinu frá árinu 2007 og það hafa engar framkvæmdir átt sér stað allan þann tíma. En mér skilst að þar sem matið sé frá 2003 og einhverjar framkvæmdir hafi átt sér stað 2004 þá eigi ákvæðið ekki við. Ég held að þið þurfið nú að skoða þetta betur en ég tek fram að ég hef ekki fundið ákvörðun ykkar um að ekki sé þörf á nýju mati og þið megið gjarnan benda mér á hvar hana er á finna.

Í lögum um umhverfismat segir:

Skipulagsstofnun getur ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu framkvæmdaraðila skv. 1. mgr. ef forsendur hafa breyst verulega frá því að álitid lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tækniþróunar varðandi framkvæmdina. Verði niðurstaðan sú að endurskoða skuli matsskýrslu að hluta eða í heild skal fara með málið skv. 8.–11. gr. eftir því sem við á.

Þegar skoðuð er mynd af fyrirhuguðu vegstæði þá er augljóst að vegurinn liggur alveg upp að Kórahverfinu en mjög langt frá Breiðholti. Af hverju er miðlína ekki notuð eins og eðlilegt er að gera í slíkri framkvæmd? Ennfremur er mér tjáð að það hafi verið upphaflega lega vegarins en hafi verið færð til að kröfu íbúa Breiðholts. En það var á þeim tíma sem umhverfismatið var gert og þá voru auðvitað engir íbúar í Kórahverfinu á móti. Staðan í dag er gerbreytt.

Það þarf að setja þessa framkvæmd í nýtt umhverfismat og það sem fyrst.

Kveðja,
Heiðar Ásberg Atlason,
Kt. 260475-3049

Kveðja / Kind regards

Heiðar Ásberg Atlason

Eigandi / Partner · Lögmaður / Attorney at Law
D +354 540 0348 · M +354 860 2348 · heidar@logos.is
Efstaleiti 5 · Reykjavík 103 · Iceland



LOGOS

LOGOS has offices in Reykjavík and London

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Vinsamlegast athugið einnig að efni tölvupóstsins og viðhengja er alfarið á ábyrgð þess einstaklings sem sendir þau ef þau tengjast ekki starfsemi LOGOS. [Lesið nánar.](#)

Please note that this e-mail and any attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. Please note further that the individual sending this e-mail and its attachments is solely responsible for their content if it is not related to the operation of LOGOS. [Further details.](#)